



Reglur um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk í Kópavogi

SKV. 35. GR. LAGA UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS NR. 52/1992

1.gr.

Markmið og forsendur

Lögboðin ferðapjónusta er til afnota fyrir þá íbúa í Kópavogi sem heyra undir lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992, geta ekki notað þjónustu almenningsvagna vegna langvarandi fötlunar og þarfnast sértækrar akstursþjónustu til að komast á milli staða á höfuðborgarsvæðinu. Að jafnaði er miðað við akstur fyrir fólk á aldrinum 16-66 ára. Reglur þessar taka ekki til þeirra sem eru eldri en 67 ára nema því aðeins að fyrir þann aldur hafi þeir notað ferðapjónustu fatlaðra.

Reglur þessar taka ekki til aksturs í leik- og grunnskóla.

Markmið lögboðinnar ferðapjónustu er að gera notendum þjónustunnar kleift að stunda atvinnu og nám, sækja þjónustu og njóta tólmstunda.

2. gr.

Skilgreiningar á ferðum, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Ferðir til og frá vinnu, skóla og hæfingu ganga fyrir öðrum ferðum og skulu þær ferðir vera að hámarki 44 á mánuði. Ferðir til annarra erinda verða ekki fleiri en 24 á mánuði.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Miðað er við að ferðir verði ekki fleiri en 68 á mánuði.

Þjónustusvæði er höfuðborgarsvæðið frá Hafnarfirði í suðri og Kjalarnes í norðri.

3. gr.

Gjaldtaka

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við helming af almennu fargjaldi Strætó og greiðist til Kópavogsbæjar. Sé þörf fyrir fylgdarmann innheimtir akstursaðili sem svarar strætógjaldi fyrir hann.

4. gr.

Umsóknarferli og úthlutanir

Umsókn um ferðapjónustu skal senda til þjónustuvers velferðarsviðs Kópavogs, Fannborg 2. Í umsókn þarf að koma fram ástæða fyrir umsókn og rökstudd ósk um fjölda ferða. Læknisvottorð og/eða greinargerð annarra fagaðila skal fylgja umsókn.

Umsóknir eru lagðar fyrir deildarfundi þjónustudeildar fatlaðra að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist. Umsókn er fyrst og fremst metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna eða aðra ferðamöguleika.

Umsækjendum er tilkynnt bréflaga um úthlutun innan sjö daga frá ákvörðun. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun deildarfundar til félagsmálaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarráðuneytisins þegar niðurstaða félagsmálaráðs liggur fyrir.

Umsóknir eru endurnýjaðar einu sinni á ári, í desember.

5. gr. Framkvæmd

Þegar umsókn hefur verið samþykkt getur umsækjandi snúið sér beint til framkvæmdaraðila ferðaþjónustunnar, sem tekur á mótum beiðnum notenda og sjá um skipulagningu ferða.

Aksturstími ferðaþjónustu er alla daga frá kl. 07:00 til kl. 24:00. Á hátíðisdögum miðast akstur við sama tíma og þjónustutíma Strætó (almenningsvagna).

Ein ferð telst frá A til B og önnur ferð til baka.

Mikilvægt er að farþegar séu tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á tilsettum tíma. Ætlast er til þess að viðkomandi komist án aðstoðar út í bílinn en í undantekningartilvikum skal bílstjóri veita farþega þá aðstoð. Ekki er beðið eftir farþega á meðan hann sinnir erindum sínum og ekki er heimilt að bílstjóri sinni neinum erindum fyrir farþega.

Farþegar þurfa að vera viðbúnir því að um tafir og breytingar á áætlun geti orðið, sérstaklega vegna slæmrar færðar eða annarra óvæntra hindrana.

Geti farþegi ekki með nokkru mótum, af tilteknum og rökstuddum ástæðum, nýtt sér ferðir með þeim sérútbúnu bifreiðum sem akstursaðili ferðaþjónustunnar rekur, getur hann farið fram á að fá samning um sérstaka útfærslu á framkvæmd.

6. gr. Öryggismál og tengd atriði

Ferðaþjónusta er í höndum verktaka sem sinnir þjónustu skv. samningur við Kópavogsbæ. Allur bílakostur er útbúinn samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og er öryggisprófaður.

Akstursaðili ferðaþjónustu Kópavogsbæjar tekur á sig ábyrgð á ráðningu bifreiðastjóra og að starfsmenn séu með fullgild ökuréttindi, aukin ökuréttindi og hafi sótt skyndihjálparnámskeið. Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs í ferðaþjónustunni sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. Kafla almennra hegningarlaga.

Öryggismyndavélar eru í öllum bifreiðum framkvæmdaraðila til að auka öryggi og eftirlit bæði fyrir farþega og bílstjóra. Gögn verða aðgengileg í þrjátíu daga en síðan verður þeim eytt. Ekki verður farið yfir upptökur nema tilefni gefist til.

Atvikaskrá ber að gera hjá báðum aðilum, skrifstofu Kópavogsbæjar sem hefur umsjón með ferðaþjónustunni og akstursaðila sem er verktaki. Þar ber að skrá atvik og kvartanir sem upp kunna að koma og vinna til úrlausna með aðilum.

**7. gr.
Áfrýjun**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun um úthlutun til félagsmálaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun. Jafnframt skal honum kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar velferðarráðuneytisins þegar niðurstaða félagsmálaráðs liggur fyrir.

**8. gr.
Gildistaka**

Reglur þessar eru settar samkvæmt XI kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs 28.01.2014